

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
[nefndarsvið@althingi.is](mailto:nefndarsvið@althingi.is)

Reykjavík, 26. Apríl 2017

**Ref: Umsögn frá Arctic Adventures hf, Straumhvarfi hf, Arctic Seatours ehf og Scuba ehf.  
Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402,146. löggjafarþing.**

Fyrirhuguð hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu er rothögg fyrir atvinnugrein sem enn er að vaxa úr grasi, og hefur alls ekki ennþá náð þeirri fótfestu sem nauðsynlegt er. Vöxtur hefur verið mikill síðustu ár en afkoma fyrirtækja hefur ekki haldist í hendur við vöxtinn. Kostnaðarhækkanir og styrking krónunnar hafa dregið úr arðsemi og er svo komið að hluti fyrirtækja er rekinn með tapi á árunum 2016 og 2017.

Ráðherrar sem hafa gefið yfirlýsingar um að nauðsyn sé að draga úr vexti virðast ekki lkynt sér hvað er í raun að gerast í greininni. Hátt verðlag er þegar farið að fæla frá hópa frá Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi sem hafa sótt hingað í mörg ár. Aðrir ferðamenn sem vilja koma til landsins stytta dvöl sína. Afþreyingarfyrirtæki finna fyrir því að viðskiptavinir sækja í ódýrari vörur. Langar vinsælar ferðir, eins og gönguferðir á Laugaveginum eiga undir högg að sækja. Hefði ekki verið í lagi að embættismenn og kjörnir fulltrúar hefðu kynnt sér þessar staðreyndir áður en ætt var af stað í gríðarmiklar skatthækkanir til að stöðva eittvað sem nú þegar hefur verulega hægt á?

Í sjávarútvegi hefur tíðkast gott samráð milli stjórnvalda og greinarinnar sjálfar um skattkerfi (auðlindagjald) sem tekur mið af afkomu í greininni. Langar samningaviðræður eru minnistæðar milli þessara aðilar. Aðilar skoðuðu langtíma áhrif á arðsemi áður en farið var af stað og á endanum var tillit tekið til athugasemda sem komu frá greininni. Eðlilegt og sanngjarnt hefði verið að sömu vinnubrögðum hefði verið beitt við undirbúning ákvörðunartökunnar um hækkun virðisaukaskatts.

Yfirlýsingar um að kominn sé tími til að ferðaþjónustan borgi skatta og gjöld eru vinsælar. Í því sambandi væri þá kannski ágætt að bera saman útflutningsgreinarnar. Hækkunin á virðisaukaskatti um 16 til 20 milljarða er u.þ.b fjórföld heildar auðlindagjöld sem sjávarútvegur greiðir, sem er samkvæmt nýjustu tölum milli 4 og 5 milljarða. Sjávarútvegur fær endurgreidda milljarða í innskatt, en greiðir ekki virðisaukaskatt. Ég er ekki að mæla með að sjávarútvegur greiði virðisaukaskatt því hann rétt eins og ferðaþjónustan í alþjóðlegri samkeppni. Því ætti sama aðferðafræði í skattlagningu einnig að eiga við um ferðaþjónustuna. Einungis eitt land, Danmörk, er með ferðaþjónustu í hæsta þrepi. Síðan sá skattur var settur á fækkaði ferðamönnum og það tók um 20 ár að ná sama fjölda og áður hafði verið.

Það sem mun gerast er að fjárfesting mun minnka, áhersla á að byggja upp úti á landi mun minnka þar sem ferðamenn fækka gistinóttum á Íslandi og munu sækja í enn meira mæli á vinsælustu staðina á Suðurlandi. Fyrirtæki munu leitast við að færa starfsemi til skattvænni landa, draga mun úr jákvæðri upplifun ferðamanna vegna enn hærri kostnaðar í samanburði við önnur lönd, minni framleiðni verður í greininni, minni hagnaður fyrirtækja, minni eyðsla farþega á dag, og á endanum minni tekjur fyrir ríkissjóð.

Það má spyrja hvers vegna aðrar leiðir eru ekki skoðaðar. Til dæmis mætti takmarka fjölda landingarleyfa á Keflavíkurflugvelli til að koma í veg fyrir að meiri fjöldi komi til landsins. Með því að takmarka landingarleyfi og farþega fjölda í Keflavík munu aukast líkur á að flugfélög sækji út á land þar sem hægt væri að bjóða upp á landingarleyfi til að dreifa álagi. Þetta tel ég mun eðlilegri stýringu þar sem þetta kemur í veg fyrir að ferðamenn komi til landsins og verði óánægðir með verðlag og þjónustu.

Áhrifin á Arctic Adventures eru auðséd. Við komum til með að borga um 300 milljónir í viðbótar virðisaukaskatt. Á sama tíma eru laun að hækka vegna samninga sem búið er að gera og lítið eða ekkert svigrúm til hækkana á verði. Niðurstaðan verður því verulegur samdráttur í afkomu eða

hugsanlega taprekstur. Við munum þurfa að draga úr fjárfestingu, hætta við uppbyggingu sem stóð til úti á landi, og hagræða eins og hægt er. Þessi aukna skattlagning getur því á endanum leitt til minni tekjumöguleika fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu.

Ég legg til að hækkun á virðisaukaskatti verði slegin á frest á meðan skoðað er hvað er raunverulega að gerast á þessu og síðasta ári í greininni. Hver er afkoman? Hver er fjölgunin á næstu mánuðum? Hver er þróun meðalfjölda gistinguþátta? Hver er meðaleyðsla ferðamanna á dag? Þegar svör við þessum spurningum liggja fyrir þætti mér eðlilegast að allir aðilar setjist niður og ræði saman um hvernig best er að stemma stigu við fjölgun ferðamanna án þess að tefla greininni sjálfri í hættu.

Við getum öll verið sammála um að vöxtur í ferðaþjónustu hefur verið of hraður til að hægt sé að byggja upp innviði til að mæta vextinum. Einnig er of mikið álag á vinnumarkað og húsnæðismarkað. Ferðaþjónustan er boðin og búin að taka þetta samtal og hjálpast að við að koma með lausnir við vextinum. SAF og einstök fyrirtæki hafa beinlínis boðið fram sína krafta til að ræða þetta við stjórnvöld en því miður hefur verið tekið ákvörðun um að hinsa alfarið sérfræðipækkingu greinarinnar sjálfar.